

## Uppgjör HB Granda hf. á fyrsta ársfjórðungi 2016

- Rekstrartekjur samstæðunnar voru 44,0 m€
- EBITDA var 12,4 m€ (28,2%)
- Hagnaður tímabilsins var 5,6 m€
- Handbært fé frá rekstri nam 6,2 m€

Ársfjórðungsyfirlit - Lykiltölur					
í þúsundum evra	F1 2016	F4 2015	F3 2015	F2 2015	F1 2015
Seldar vörur .....	43.951	58.901	56.235	57.076	53.298
Kostnaðarverð seldra vara .....	( 30.186)	( 48.683)	( 38.039)	( 44.630)	( 28.514)
<b>Vergur hagnaður .....</b>	<b>13.765</b>	<b>10.218</b>	<b>18.196</b>	<b>12.446</b>	<b>24.784</b>
Aðrar tekjur .....	0	1.316	0	4.956	0
Útflutningskostnaður .....	( 2.457)	( 3.234)	( 3.857)	( 3.028)	( 3.090)
Annar rekstrarkostnaður .....	( 2.561)	( 4.009)	( 1.856)	( 2.983)	( 3.642)
Bakfærð virðisryrnun .....	0	7.979	0	0	0
<b>Rekstrarhagnaður .....</b>	<b>8.747</b>	<b>12.270</b>	<b>12.483</b>	<b>11.391</b>	<b>18.052</b>
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld .....	( 318)	3.820	( 1.159)	( 502)	487
Áhrif hlutdeildarfélaganna .....	( 1.212)	( 877)	88	( 1.907)	( 1.061)
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt .....</b>	<b>7.217</b>	<b>15.213</b>	<b>11.412</b>	<b>8.982</b>	<b>17.478</b>
Tekjuskattur .....	( 1.592)	( 1.881)	( 2.272)	( 763)	( 3.674)
<b>Hagnaður tímabilsins .....</b>	<b>5.625</b>	<b>13.332</b>	<b>9.140</b>	<b>8.219</b>	<b>13.804</b>
<b>EBITDA .....</b>	<b>12.401</b>	<b>7.335</b>	<b>15.649</b>	<b>9.865</b>	<b>21.390</b>

### Rekstur fyrstu þriggja mánaða ársins 2016

Rekstrartekjur HB Granda hf. á fyrsta ársfjórðungi ársins 2016 námu 44,0 m€, samanborið við 53,3 m€ árið áður. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var 12,4 m€ eða 28,2% af rekstrartekjum, en var 21,4 m€ eða 40,1% árið áður. Lækkun tekna og EBITDA skýrist af lélegri loðnuvertíð, en móttækinn loðnuafli til vinnslu nam 17,9 þús. tonn, samanborið við 67,9 þús. tonn árið áður. Áhrif fjáreignatekna og fjármagnsgjalda voru neikvæð um 0,3 m€, en voru jákvæð um 0,5 m€ á sama tíma árið áður. Áhrif hlutdeildarfélaganna voru neikvæð um 1,2 m€, en voru neikvæð um 1,0 m€ árið áður. Hagnaður fyrir tekjuskatt var 7,2 m€ og hagnaður tímabilsins var 5,6 m€.

## Uppgjör HB Granda hf. á fyrsta ársfjórðungi 2016

### Efnahagur

Heildareignir félagsins námu 410,6 m€ í lok mars 2016. Þar af voru fastafjármunir 322,0 m€ og veltufjármunir 88,6 m€. Eigið fé nam 251,2 m€, eiginfjárhlutfall í lok mars var 61,2%, en var 62,2% í lok árs 2015. Heildarskuldir félagsins voru í marslok 159,4 m€.

Efnahagsreikningur 31.03.2016 - Lykiltölur		
í þúsundum evra	31.03.2016	31.12.2015
Fastafjármunir .....	321.971	319.658
Veltufjármunir .....	88.626	75.708
<b>Eignir samtals .....</b>	<b>410.597</b>	<b>395.366</b>
Eigið fé .....	251.246	245.843
Langtímaskuldir .....	108.542	109.750
Skammtímaskuldir .....	50.809	39.773
<b>Eigið fé og skuldir samtals.....</b>	<b>410.597</b>	<b>395.366</b>

### Sjóðstreymi

Handbært fé frá rekstri nam 6,2 m€ á tímabilinu, en nam 6,9 m€ á sama tíma fyrra árs. Nettó fjárfesting í rekstrarfjármunum nam 2,9 m€ og fjárfesting vegna nýrra skipa nam 4,9 m€. Fjármögnunarhreyfingar voru jákvæðar um 3,6 m€. Handbært fé hækkaði því um 2,0 m€ á tímabilinu og var í lok mars 13,3 m€.

Sjóðstreymi - Lykiltölur		
í þúsundum evra	2016	2015
	1.1.-31.03.	1.1.-31.03.
Handbært fé frá rekstri .....	6.205	6.936
Fjárfestingarhreyfingar .....	( 7.716)	( 18.700)
Fjármögnunarhreyfingar .....	3.559	( 1.992)
<b>Lækkun á handbæru fé.....</b>	<b>2.048</b>	<b>-13.756</b>
<b>Handbært fé í lok tímabilsins.....</b>	<b>13.252</b>	<b>10.971</b>

### Meginniðurstöður færðar til íslenskra króna

Séu niðurstöður rekstrarreiknings reiknaðar til íslenskra króna á meðalgengi fyrsta ársfjórðungs 2016 (1 evra = 141,2 kr) verða tekjur 6,2 milljarðar króna, EBITDA 1,8 milljarður og hagnaður 0,8 milljarðar. Séu niðurstöður efnahagsreiknings reiknaðar til íslenskra króna á gengi 31. mars 2016 (1 evra = 140,2 kr) verða eignir samtals 57,5 milljarðar króna, skuldir 22,3 milljarðar og eigið fé 35,2 milljarðar.

### Skipastóll og afli

Skipafloiti félagsins var óbreyttur frá áramótum.

Á fyrsta ársfjórðungi ársins 2016 var afli skipa félagsins 13,0 þúsund tonn af botnfiski og 29,6 þúsund tonn af uppsjávarfiski.

## Uppgjör HB Granda hf. á fyrsta ársfjórðungi 2016

### Kynningarfundur þann 26. maí 2016

Opinn kynningarfundur um afkomu félagsins á fyrsta ársfjórðungi verður haldinn fimmtudaginn 26. maí klukkan 8:30 í höfuðstöðvum félagsins að Norðurgarði 1. Vilhjálmur Vilhjálmsson forstjóri mun kynna uppgjörið og svara spurningum.

### Frekari skýringar

Afkoma loðnuveiða og vinnslu hefur veruleg áhrif á rekstur HB Granda hf. og þá sér í lagi fyrsta ársfjórðung hvers árs. Miklar sveiflur hafa verið bæði í aflamarki á loðnu og verði afurða á undanförunum árum, samanber neðangreint yfirlit yfir afkomu á fyrsta ársfjórðungi hvers árs.

	F1 2016	F1 2015	F1 2014	F1 2013
Loðnuafli til vinnslu (tonn) .....	17.907	67.900	23.937	80.651
EBITDA .....	12.401	21.390	9.677	16.626
Hagnaður tímabilsins .....	5.625	13.804	5.637	10.206